

Ed.

1016. Breytingartillögur

[123. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Helga Seljan, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Stefáni Benediktssyni og
Karli Steinari Guðnasyni.

1. Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Fjárhæð láns má nema allt að 80% endurbótakostnaðar, enda tryggi ríkisstjórnin fjármagn fyrir að minnsta kosti helmingi kostnaðar við þennan lánaflokk með sérstökum aðgerðum til orkusparnaðar. Lán skv. þessari grein má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 50% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu.

2. Við 30. gr. 2. mgr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af hverjum lánaflokki Byggingarsjóðs ríkisins. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Þó skal aldrei taka vexti af lánunum skv. 5. og 6. tl. 11. gr. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjald og aðra þóknun af lánnum sjóðsins.

3. Við 49. gr. 3. mgr. orðist svo:

Vextir af lánunum Byggingarsjóðs verkamanna eru 0,5%.

4. Við 51. gr. Þar sem stendur „80%“ í síðustu mgr. komi: 90%.